

Sent umhverfisráðuneytinu

Reykjavík 18. nóvember 2003
2003110017/016-0
JGO/hj

Heimild til að sleppa fashönum til skotveiða

Landbúnaðarráðuneytið hefur sent Umhverfisstofnun bréf, dags. 5. þ.m. þar sem óskað er eftir álitni stofnunarinnar á beiðni til ráðuneytisins um heimild til að sleppa fashönum til skotveiða á jörðinni Heinaberg á Mýrum í A-Skaftafellssýslu. Umhverfisstofnun hefur í framhaldi af því óskað eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands "um þá þætti erindisins sem varðað geta náttúru Íslands".

Vegna þessa máls óskar Náttúrufræðistofnun Íslands eftir álitni umhverfisráðuneytisins á því hvort landbúnaðarráðuneytið geti veitt leyfi til að sleppa innfluttum dýrum í villta náttúru landsins. Samkvæmt sóttvarnarlögum um innflutning dýra (nr. 54/1990) er óheimilt að flytja til landsins hvers konar dýr, tamin eða villt, svo og erfðaeftirbærni þeirra (2. gr.). Landbúnaðarráðherra getur, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, vikið frá þessu banni og leyft innflutning dýra. Slíkar undanþágur eru þó háðar því að landbúnaðarráðherra hafi aflað umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og sérfræðinganeftndar, sbr. lög um náttúruvernd (nr. 44/1999). Hvergi í þessum lögum er vikið að heimild til að sleppa innfluttum dýrum í villta náttúru.

Í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (nr. 64/1994) segir að umhverfisráðherra skuli setja reglugerð um sölu, innflutning og útflutning villtra dýra (7. gr.). Í sömu lögum segir einnig að umhverfisráðherra geti að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands ákveðið að beita sér fyrir útrýmingu stofns eða tegundar dýra sem fluttst hefur til Íslands af mannavöldum. Umsjón með framandi fuglum og spendýrum í villtri náttúru landsins virðist því vera hjá umhverfisráðherra.

Í lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999) segir að umhverfisráðherra geti veitt leyfi fyrir innflutningi, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera. Samkvæmt 41. gr. skal umhverfisráðherra setja reglugerð þar sem kveðið er á um skráningu, innflutning, ræktun og dreifingu lifandi framandi lífvera hér á landi. Og þar má m.a. birta skrá yfir

tegundir sem... "heimilt er að rækta héraðs og sleppa í villtri náttúru". Þessi ákvæði benda einnig eindregið til þess að löggjafinn telji þessi mál vera í verkahring umhverfisráðherra.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að landbúnaðarráðherra geti veitt undanþágu frá innflutningsbanni sóttvarnarlaga (nr. 54/1990), en umhverfisráðherra veiti að öðru leyti heimildir fyrir innflutningi dýra, ræktun þeirra og dreifingu í villtri náttúru landsins. Stofnunin óskar eftir álitum umhverfisráðuneytisins á þessu máli í ljósi bréfasendinga Umhverfisstofnunar og Landbúnaðarráðuneytisins. Í ljósi þessara bréfa er athygli vakin á því að umræddir fashanar voru fluttir til landsins með leyfi umhverfisráðherra, sem setti ströng skilyrði fyrir ræktun þeirra og dreifingu.

Virðingarfyllt,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS